

Reglugerð Styrktarsjóðs Verkfræðingafélags Íslands (Áður Stéttarfélag verkfræðinga)

1. grein. Heiti, varnarþing

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Verkfræðingafélags Íslands. Varnarþing er í Reykjavík.

2. grein. Hlutverk

Sjóðurinn styrkir sjóðfélaga vegna:

- Tekjutaps vegna ólaunaðrar fjarveru sjóðfélaga frá vinnu sem orsakast af veikindum. sjóðfélaga eða nákominna eða annarra persónulegra aðstæðna.
- Útgjalda vegna andláts sjóðfélaga .
- Útgjalda sjóðfélaga vegna ýmiss konar heilbrigðisþjónustu .
- Óvæntra starfsloka eða annarra óvæntra áfalla sjóðfélaga.

3. grein. Form og aðild

1. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og rekstur sjóðsins snýr eingöngu að sjóðfélögum.

2. Sjóðsaðild öðlast einstaklingar með:

- a) Ákvæði í kjarasamningi VFÍ við ríki, sveitarfélag, sjálfseignarstofnun eða félag.
- b) Ráðningarsamningi félagsmanns í VFÍ við sjálfseignarstofnun eða félag.

3. Sjóðsaðild byggist á því að greitt sé kjarasamningsbundið eða ráðningarsamningsbundið styrktarsjóðframlag minnst 0,3% af heildarlaunum. Framlag skal greiða mánaðarlega til sjóðsins í gegnum Fjölskyldu- og styrktarsjóð opinberra starfsmanna.

4. Sjóðstjórn heldur sjóðfélagatal – eða semur við Fjölskyldu- og styrktarsjóð opinberra starfsmanna (FOS) um gerð sjóðfélagatals. Þar komi fram nauðsynlegar upplýsingar, svo sem samanlagður (ekki einungis samfelldur) sjóðaldur sérhvers sjóðfélaga, nafn og kennitala sjóðfélaga, og nafn og kennitala síðasta vinnuveitanda (vinnustaður) og starfshlutfall sjóðfélaga þar.

5. Réttur sjóðfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið styrktarsjóðframlag vegna sjóðfélaga samtals í 6 mánuði og þar af 3 mánuði samfelld áður en tekjutap eða útgjöld, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, áttu sér stað. Sjóðstjórn setur nánari úthlutunarreglur og tekur við sérstakar aðstæður matskennda ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum, sbr. 7. tölulið 3. gr.

6. Fyrirverandi sjóðfélagar njóta ekki réttar til styrktar úr sjóðnum nema slíkt sé tekið sérstaklega fram í úthlutunarreglum.

7. Sjóðaðild og réttindi eru ekki bundin tilteknu starfshlutfalli en sjóðstjórn getur miðað úthlutunarreglur eða matskenndar ákvarðanir samkvæmt 5. tölulið 3. gr., svo sem fjárhæð dagpeninga, við starfshlutfall sjóðfélaga á þeim tíma þegar tekjutap eða útgjöld, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, eiga sér stað.

4. grein. Sjóðstjórn

1. Kjararáð VFÍ skipar stjórn sjóðsins á fyrsta fundi eftir aðalfund Kjararáðs VFÍ ár hvert og ákveður þóknun stjórnarmanna sjóðsins. Sjóðstjórn skal skipuð 3 sjóðfélögum.

2. Sjóðstjórn skiptir sjálf með sér verkum og skal einn stjórnarmanna vera gjaldkeri og annar ritari.

3. Sjóðstjórn annast alla umsjón með eignum sjóðsins og fer með rekstur hans. Heimilt er að fela skrifstofu VFÍ daglegan rekstur sjóðsins. Sjóðstjórn skal leggja fyrir aðalfund Kjararáðs VFÍ skýrslu um starfsemi sjóðsins.

4. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á úthlutun greiðslna úr sjóðnum gagnvart Kjararáði VFÍ.

5. grein. Starfsreglur

1. Sjóðstjórn setur almennar starfsreglur og tekur matskenndar ákvarðanir um úthlutun.

2. Starfsreglur skulu reglulega kynntar sjóðfélögum á viðeigandi vettvangi.

3. Starfsreglur skulu endurskoðaðar þegar matskenndar ákvarðanir sjóðstjórnar gefa tilefni til og eigi sjaldnar en árlega og birtar, svo breyttar, á aðgengilegan hátt. Taka íþyngjandi breytingar ekki gildi fyrr en við slíka birtingu. Breytingar á starfsreglum skulu kynntar sjóðfélögum sérstaklega á viðeigandi vettvangi.

4. Stjórnin lætur vinna úr umsóknum og kynna niðurstöður. Sé þess óskað af sjóðfélaga fylgir rökstuðningur með vísan í reglur eða mat stjórnar.

6. grein. Fjármál

1. Sem sjálfseignarstofnun hefur Styrktarsjóður VFÍ sjálfstæðan fjárhag.

2. Reikningsárið er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram á aðalfundi Kjararáðs VFÍ.

7. grein. Úrsögn

Sjóðfélagi telst segja sig úr Styrktarsjóði VFÍ ef kjarasamningsbundin eða umsamin styrktarsjóðsframlög hætta að berast sjóðnum, en fyrri sjóðaðild nýtist eftir 3ja mánaða veru í sjóðnum að nýju, taki sjóðframlög sjóðfélaga að berast vegna hans á ný. Sjóðfélagi getur ekki gert kröfu um hlutdeild í eignum sjóðsins við úrsögn og framlög eða árgjöld einstaklinga í sjóðinn eru óendurkræf.

8. grein. Breytingar á reglugerð og starfsreglum, tryggingarfræðileg úttekt

Stjórn sjóðsins getur gert breytingar á reglugerð og starfsreglum sjóðsins. Við breytingar skal stjórn meta afleiðingar á fjárhag sjóðsins. Þriðja hvert ár hið minnsta skal gera tryggingarfræðilega úttekt á stöðu sjóðsins.

9. grein. Lokaákvæði

Reglugerð þessi er samþykkt á 1022. stjórnarfundum SV, 5. október 2004